

Dreifibréf til verktaka og verkkaupa
í byggingar- og mannvirkjagerð
og annarra sem málið varðar

Reykjavík, 6.7. 2015
Tilvísun: 201506-0133/3.02.00

Efni: Byggingar- og mannvirkjagerð – áherslur í eftirliti

Allt bendir til að fram undan sé uppsveifla í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hér á landi eftir mikla lægð frá árinu 2008. Allar þær framkvæmdir sem eru að hefjast eða fyrirhugað er að hefja á komandi mánuðum og árum geta leitt til mikillar fjölgunar starfsmanna í þessum geira. Vinnueftirlitið vill því brýna fyrir verkkaupum og verktökum og öðrum hagsmunaaðilum að huga vel að vinnuverndarmálum, ekki síst öryggismálum.

Stjórn Vinnueftirlitsins, sem skipuð er aðilum vinnumarkaðarins, hefur ákveðið að ein af aðaláherslum hjá Vinnueftirlitinu á næstu árum verði eftirlit með byggingar- og mannvirkjagerð. Sú áhersla mun koma fram strax á þessu ári. Það mun felast í tíðara eftirliti og strangari eftirfylgni með þessari starfsemi en verið hefur undanfarin ár.

Verklag Vinnueftirlitsins mun ráðast af alvarleika brota sem verður vart við í eftirlitsheimsóknun og viðbrögð skiptast í fjóra flokka. Brot geta þýtt að öll vinna á verkstað verður stöðvuð án fyrirvara eða að gripið verður til annarra þvingunaraðgerða þar sem öryggisatriðum er áfátt og stjórnun vinnuverndarstarfs er ófullnægjandi.

Vinnueftirlitið mun í eftirliti sínu leggja ríka áherslu á að verkkaupar og verktakar sinni skyldum sínum sem fram eru settar í reglum og reglugerðum sem þeim ber að uppfylla. Í því sambandi er t.d. bent á eftirfarandi atriði sem mikilvægt er að uppfylla til að framkvæmd takist vel á þessu sviði frá byrjun undirbúningsstig verks:

Undirbúningsstig verks

1. Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála á undirbúningsstigi verks.
2. Verkkaupi skal sjá til þess að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun áður en byggingarframkvæmdir hefjast.
3. Það er mikilvægt hlutverk verkkaupa að sjá til þess að í útboðsgögnum séu kröfur sem verktakar þurfa að uppfylla varðandi aðbúnað og öryggismál á byggingarvinnustað skilgreindar á fullnægjandi hátt.

Framkvæmdarstig verks

4. Verkkaupa ber að skipa eða sjá til þess að samræmingaraðili á framkvæmdarstigi verks sé skipaður áður en byggingarstarfsemi hefst.
5. Verkkaupi skal áður en verk hefst tilkynna Vinnueftirlitinu um nýja byggingarframkvæmd og stærri viðhaldsverkefni á sérstöku eyðublaði sem aðgengilegt er á heimasíðu stofnunarinnar www.ver.is.

6. Samræmingaraðili skal sjá til þess að unnið sé eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun frá því að verk hefst og að áætlunin sé uppfærð eftir því sem verkinu vindur fram; ábyrgð á því að það sé gert er þó ætíð á höndum verkkaupa og verktaka.
7. Verktakar skulu tryggja öryggi og heilsu starfsmanna á byggingavinnustað í samræmi við lög og reglur og taka mið af leiðbeiningum samræmingaraðila.

Vinnueftirlitið hvetur verktaka og verkkaupa til að tryggja að öryggismál allra starfsmanna séu í góðu lagi á þeirra vinnustöðum. Stofnunin boðar nú hert verklag og eftirfylgni gagnvart þeim aðilum sem reynast ekki starfa í samræmi við gildandi lög og reglur.

Vinnueftirlitið vill benda sérstaklega á eftirfarandi reglur og reglugerðir:

- Reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðrar tímabundna mannvirkjagerð.
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Reglur og leiðbeiningar nr. 331/1989 um röraverkpalla.
- Reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja.
- Reglur nr. 204/1972 ákvæði um verkpalla úr timbri.
- Reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa.
- Reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga

Einnig er bent á leiðbeiningarit á heimasíðu Vinnueftirlitsins nr. 17: **Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingavinnustaði**, sjá [hér](#). Á heimasíðunni er jafnframt að finna margvísleg verkfæri sem geta reynst gagnleg í vinnuverndarstarfinu, m.a. við áhættumat verkþátta og forvarnir þeirra, sem er hluti öryggis- og heilbrigðisáætlunar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef atvinnurekandi hyggst ráða starfsmann undir 18 ára aldri þarf að gera **sérstakt áhættumat vegna vinnu ungmenna** áður en vinna hefst. Fyrir liggur að ungmenni mega ekki vinna við hættulegar aðstæður, t.d. með hættuleg tæki, búnað eða hættuleg efni né handleika þungar byrðar sem geta valdið skaða, sbr. reglugerð nr. 426/1999 og viðauka I-IV. Mun Vinnueftirlitið fylgja þessu fast eftir.

Að lokum skal þess getið að Vinnueftirlitið býður upp á fjölda námskeiða á sviði vinnuverndar. **Nýtt námskeið er sérstaklega ætlað starfsmönnum í byggingariðnaði.** Það er haldið sem opið námskeið en einnig haldið fyrir tiltekna vinnustaði, ef óskað er eftir því. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um námskeiðið á heimasíðu Vinnueftirlitsins, sjá www.vinnueftirlit.is eða hjá fræðsludeild stofnunarinnar (netföng: gts@ver.is, gudmundur@ver.is).

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri



Þórunn Sveinsdóttir
deildarstjóri